

Nr. 031/10 Lácey ÞH 265**Strandar við Héðinshöfða**

Skipaskr.nr. 2651
 Smíðaður: Akranesi 2005, plast
 Stærð: 11,38 brl. 14,79 bt.
 Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 10,99 m
 Breidd: 3,95 m Dýpt: 1,5 m
 Vél: Yanmar 314 kW, 2005
 Fjöldi skipverja: 2



Lácey©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafí K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. mars 2010 var Lácey ÞH 265 á siglingu á Skjálfanda. Veður: NA 6-9 m/sek, éljagangur. Djúprista um 1,2-1,4 metri. Háflóð kl. 08:09. *Tímasetningar eru skv. upplýsingum frá Vaktstöð siglinga.*

Lácey ÞH fór í línuróður um kl. 04:30 aðfaranótt 25. mars frá Kópaskeri en upp kom bilun skömmu síðar og þurfti því að leita hafnar aftur. Báturinn var aftur í höfn á Kópaskeri kl. 07:25 til viðgerða.

Kl. 10:17 var haldið aftur á miðin og lokið við að draga línuna. Kl. 18:30 var farið inn á Kópasker en strax út aftur. Kl. 22:40 hafði báturinn stutta viðkomu á Kópaskeri þar sem tveir af áhöfninni fóru í land áður en haldið var áleiðis til Húsavíkur.




Lácey á strandstað©Porsteinn Ragnarsson

Fyrsta hluta ferðarinnar stóð hásetinn vaktina í u.þ.b. eina klst. en þá tók skipstjórinn við stjórn bátsins.

Kl. 01:55 strandaði báturinn við Héðinshöfða á stað, 66°05.844N og 017°20.880V. Skipstjórinn kallaði strax í strandstöð og óskaði eftir aðstoð. Fyrstu björgunarðilar komu á staðinn kl. 02:20 en það voru bátarnir Karólína ÞH 100 og Háey II ÞH 275. Þeir gátu ekki farið nálægt Lácey ÞH vegna grynninga og þeir voru ekki með nægjanlega langt dráttartóg.

Fljótlega var ljós að báturinn væri talsvert skemmdur og leki kominn að honum.



Sigling Lágeyjar fyrir Tjörnes samkvæmt STK kerfi. Rauða örin sýnir strandstað.



Lágey á strandstað © Hafþór Hreiðarsson

Björgunarskipið Sigurvin frá Siglufirði kom á staðinn kl. 07:40 og var búið að koma dráttartaug í Lágey PH kl. 08:00.

Ákveðið var að létta bátinn og voru veiðarfæri, afli og megnið af olú tekið úr honum. Björgunarskipið Sigurvin reyndi kl. 09:30 að draga Lágey ÞH á flot en það gekk ekki. Var björgunaraðgerðum hætt í bili og tryggingafélagi bátsins látinn eftir vettvangurinn. Lágey ÞH var síðar tekin úr fjörinni með því að hífa hana á bifreið. Var hún þá u.þ.b. 15-16 tonn að þyngd.



Lágey komin á bíl ©mbl.is

Miklar skemmdir voru á bátnum. Gat kom á hann við hliðarskrúfuna þannig að mikill sjór komst í vistarverur fram í honum. Vegna mikillar slagsíðu á bátnum bæði í bak- og stjórnborða komst sjór í stýrishús. Sjór í vélarúmi fór upp á miðja vél en ekki inn á hana en girinn fylltist og einnig komst sjór í tvær rafmagnstöflur og annan rafmagnsbúnað.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi bátsins sofnaði og vaknaði við strandið;
- að báturinn var á u.þ.b. 9,5 hnúta ferð þegar hann tók niðri, fyrst með skrúfuna enda hún lægsti punktur;
- að þegar báturinn strandaði var stjórnandi hans búinn að vera síðustu 24 klst. um 5,5 klst. í höfn. Hann taldi sig hafa hvílst í um þrjár klst. í höfn á þessu tímabili og um eina klst. á siglingunni eftir að látið var úr höfn á Kópaskeri um kl. 22:40. Hann var eini réttindamaðurinn um borð;
- að um borð voru eftirtalin siglingatæki: Sjálfstýring, dýptarmælir, straummælir, ratsjá og plotter, GPS, segulkompás og MaxSea siglingaforrit;
- að aðvörunarbúnaður var í dýptarmæli og ratsjá. Aðvörun frá þessum tækjum var hægt að tengja í siglingahugbúnd. Öll þessi tæki voru í gangi en aðvörunarbúnaður var ekki notaður;
- að stjórnandi bátsins var afleysingamaður en fram kom hjá þeim sem vanalega var með bátinn að hann hefði aðvörun á dýptarmælir alltaf faststillta á 3 faðma en sennilega hefði verið slökkt á því í ógáti. Ekki var farið sérstaklega yfir aðvörunarbúnaðinn þegar mannskiptin áttu sér stað og ekki talin þörf á því vegna reynslu þess sem tók við.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi sofnaði og tækjabúnaðurinn var ekki nýttur eins og kostur var á.